

Ár 2025, laugardaginn 11. október kl. 12:00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal á TEAMS, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Jóhannesi Albert Sævarssyni og Steinar Þór Guðgeirsson.

Fyrir er tekið:

mál nr. 6/2025

Knattspyrnudeild HK

gegn

aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR:

I

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Steinar Þór Guðgeirsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 18. september 2025, þar sem leikmaður áfrýjanda fékk leikbann og áfrýjanda var gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 100.000,- til KSÍ með vísan til 16. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 20. september sl. þar sem áfrýjandi gerir eftirfarandi kröfur:

Að þeim hluta úrskurðarorðs hins kærða úrskurðar, þar sem knattspyrnudeild HK er gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 100.000,-, verði hrundið.

II

Með hinum kærða úrskurði var áfrýjanda gert að greiða kr. 100.000,- með vísan til 16. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Aga- og úrskurðarnefnd vísaði til þess að ákvæðið kveði á um að félag viðkomandi sem gerist brotlegur við fyrrnefnt ákvæði reglugerðarinnar skuli sæta sekt að lágmarki upphæð kr. 100.000,-.

III

Í greinargerð áfrýjanda fyrir áfrýjunardómstóli KSÍ er gerð sú krafa að úrskurður um sekt á hendur áfrýjanda verði hrundið. Á því er byggt að ákvæði 16. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, sem kveður á um sekt á félag þegar félagið hefur ekki sýnt af sér sök eða vanrækslu skorti lagaheimild og að eðlisrök skorti til að leggja fjársekt áfrýjanda ofan á viðurlög gagnvart leikmanninum. Þá er vísað til jafnræðis, fyrirsjáanleika og réttmætra væntinga í ljósi þess að

áfrýjandi fullyrðir að sektum hafi ekki verið beitt gegn félögum vegna brots á 16. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Enn fremur byggir áfrýjandi á því að sektin brjóti í bága við meðalhófsreglu og að viðurlög eigi að vera hæfileg og ekki ganga lengra en nauðsyn krefur til að ná lögmætu markmiði. Að endingu vísar áfrýjandi til þess að um háttsemi í yngri flokkum hafi verið að ræða.

IV

Dómurinn hefur yfirfarið öll gögn málsins.

Í lögum KSÍ er kveðið á um að sérhvert aðildarfélag beri ábyrgð framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögnum og reglugerðum KSÍ, sbr. gr. 5.10. Þá er kveðið á um í 44. gr. laganna að fésektir séu meðal þeirra viðurlaga sem unnt er að beita gegn félögum vegna brota á lögum og reglugerðum KSÍ. Með vísan til þessa er það mat áfrýjunardómstóls að umrædd 16. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál eigi sér fullnægjandi stoð í lögum og reglum KSÍ.

Mál þetta varðar sekt á hendur áfrýjanda að fjárhæð kr. 100.000,- sem er tilkomin vegna brots leikmanns félagsins á 16.1 gr. reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið sem um ræðir kveður skýrt á um að félag viðkomandi sem gerist brotlegur við regluna, en ekki er ágreiningur um þann þátt málsins, skuli sæta sekt að lágmarki kr. 100.000,-. Samkvæmt orðanna hljóðan skal félag viðkomandi, sem brotið hefur gegn ákvæðinu, sæta sekt að lágmarki að upphæð kr. 100.000 og er þar ekki gert að skilyrði að félagið hafi sýnt af sér sök eða vanrækslu né er þar greint á milli yngri flokka og meistaraflokks eins og raunin er víðs vegar í reglugerðum KSÍ, þegar það er talið eiga við.

Með vísan til alls framangreinds og hins áfrýjaða úrskurðar að öðru leyti er hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur.

Dómsorð:

Staðfest er sekt áfrýjanda að fjárhæð kr. 100.000,- til KSÍ.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]